



Proskapjálfafélag
Íslands

Aðalfundur
Proskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
26. maí 2014

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður, Kristín J. Sigurjónsdóttir, ritari, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Þórunn Guðrún Einarsdóttir, Steinunn Jónsdóttir og Jón Þorsteinn Sigurðsson.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við Trúnaðarmannaráð.

Kristín J. Sigurjónsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Þórunn Guðrún Einarsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Jón Þorsteinn Sigurðsson er tengiliður við Laganefnd.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs, var einnig fulltrúi í ritstjórn Netlu fram á árið 2014 en þá tók við Anna Björk Sverrisdóttir þroskaþjálfari.

Anna Lilja Magnúsdóttir er tengiliður við Vísindasjóð og Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, Útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS. Ingibjörg E. Jóhannsdóttir er fulltrúi ÞÍ í stjórn NFFS.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður í fullu starfi og framkvæmdastjóri í 80% starfi.

Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðiþjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustaði.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og styrki til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt formanni fagráðs í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfara/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntasjóðir).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóð og fag- og fræðslusjóði
- Félagið birtir atvinnuauklýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Færa bókhald fyrir sjóði félagsins og skrifstofuna.

- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða einstaka félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundi.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undir búningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Ýmis vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 15 skipti. Auk þess hélt stjórn einn vinnufund vegna kröfugerðar fyrir kjarasamningagerð. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fyrst og fremst kjaramál auk fag- og rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2013 -2014

Sameiginlegur fundur með ráðum og nefndum var haldinn 6. maí 2013, þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Elva Ösp Ólafsdóttir (2012-2014)

Hildur Þórisdóttir (2012-2014)

Ingibjörg E. Jóhannsdóttir (2012-2014)

Salóme Þórisdóttir (2012-2014)

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir (2013-2015)

Einar Þór Jónsson (2013-2015)

Arne Friðrik Karlsson (2013-2015)

Tengiliður við stjórn: Kristín J. Sigurjónsdóttir(2013- 2014)

Kjörnefnd

Harpa María Pedersen (2012-2014)

Hrafnhildur Lára Þórðardóttir (2012-2014)

Katrín Sigursteinsdóttir (2013-2015)

Valborg Helgadóttir (2013-2015)

Sigríður Rut Hilmarsdóttir (2013-2015)
Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Guðlaug Valgeirsdóttir (2012-2014)
Oddrún Ólafsdóttir (2012-2014)
Ólafur Garðar Rósinkarsson (2012-2014)
Ingunn Rán Kristinsdóttir (2013-2015)
Laufey Birna Tryggvadóttir (2013-2015)
Tengiliður við stjórn: Jón Þorsteinn Sigurðsson (2013-2014)

Siðanefnd

Hrefna Sigurðardóttir (2013-2016)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2011-2014)
Signý Þórðardóttir (2012-2015)
Varamenn:
Friðrik Sigurðsson (2010-2013)
Árni Már Björnsson (2012-2014)
Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Útgáfuráð

Auður Kvaran (2012-2014)
Halldóra Kolka Ísberg (2012-2014)
Guðrún Guðmundsdóttir (2012-2014)
Þorvaldur Heiðar Guðmundsson (2013-2015)
Kristrún Sigurjónsdóttir (2013-2015)
Herdís Ingibjörg Svansdóttir (2013-2015)
Kristín Lillendahl frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri ÞÍ
Þóranna Halldórsdóttir
Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir
Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Stéttarfélagar eru 653 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfafraeðum skráðu sig sem aukafélaga.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru alls fjórir á starfsárinu. Þeir voru haldnir 6. maí 2013, 20. september 2013, 4. nóvember 2013 og 2. maí 2014 sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Þórunn Halldórsdóttir

Framhaldsskólar
Jóhanna Jónsdóttir

Ás styrktarfélag/búseta
Þórhildur Svanbergdóttir

Lækjarás/ Lyngás
Bjarghildur Pálsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Guðrún Árnadóttir

Hafnarfjörður
Sigrún Jónsdóttir

Hafnarfjörður leikskólar
Guðný Egilsdóttir

Frístímahluti SFS Reykjavík
Guðríður M Eyvindardóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Þuríður Hearn

Mosfellsbær
Gerður Pálsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Ólafía Magnea Hinriksdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Arna Björg Arnadóttir

Garðabær búseta
Gíslný Bára Þórðarsóttir

Kópavogur
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Klettaskóli
Jón Þórður Baldvinsson

Leikskólar Reykjavíkur
Ingibjörg Sandholt

Seltjarnarnesbær
Jóhanna Ósk Ólafsdóttir

Austurland
Elísabet Ósk Sigurðardóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Norðurland vestra
Dóra Heiða Halldórsdóttir

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Vesturland
Soffía Margrét Pétursdóttir

Grunnskólar Akraness
Berglind Ósk Jóhannesdóttir

Vestfirðir
Arnheiður Jónsdóttir

Garðabær skóli leikskóli
Margrét Ósk Gunnarsdóttir

Eins og undanfarin ár hefur formaður félagsins lagt áherslu á að funda með þroskapjálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Markmiðið hefur verið að ná til sem flestra félaga og heyra hvernig gengur, kynna hvað er á döfinni og kynna sjóði BHM og svara spurningum, meðal annars um kjaramál.

Fundirnir voru allnokkrir með trúnaðarmönnum og félagsmönnum eins og sjá má:

Menntaskólanum í Kópavogi 28 maí 2013

Reykjanesbæ 23.september 2013

Mosfellsbæ 30.september 2013

Ás styrktarfélag 1.október 2013

Hafnarfirði 9. október 2013

Víðivöllum 9.október 2013

Suðurlandi 15.október 2013

Ármúlaskóla 23. október 2013

Ísafjörður 29. nóvember 2013

Árið 2014 hefur einkennst af kjarasamningum, fljótlega eftir að viðræður hófust við opinbera vinnuveitendur var settur saman aðgerðarhópur til að skipuleggja aðgerðir til að styrkja kjaraviðræður. Opnir fundir voru haldnir í Háskólabíói, sá fyrri undir yfirskriftinni „*Samstöðufundur aðildarféлага BHM*“ og sá seinni „*Samræðufundur BHM og viðsemjenda*“. Vinnustaðafundir BHM voru hátt í 40. Á þá fundi mætti formaður BHM Guðlaug Kristjánsdóttir og starfsmenn BHM. Formaður eða framkvæmdastjóri ÞÍ mættu á flesta þessara funda eða þar sem þroskajálfar starfa. Óhætt er að segja að þessir fundir hafa verið árangursríkir og upplýsandi á báða bóga. Annað verkefni aðgerðarhópsins eru ferns konar póstkort sem rökstuðningur fyrir kröfum BHM í kjaraviðræðunum. Þau eru ætluð til beinna samskipta milli félagsmanna, stjórnvalda og vinnuveitenda, enda hægt að skrifa völdum viðtakendum skilaboð og senda þeim beint.

Fræðslufundur ÞÍ var haldinn 31. október 2013. Margrét R. Halldórsdóttir, þroskajálfi, sagði frá rannsókn sinni sem hún gerði sem lokaverkefni í M.Ed. í sérkennslufræðum frá Háskóla Íslands. Rannsóknin ber nafnið *Nauðung meðal barna í sérúrræðum á Íslandi*.

Í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands voru haldin námskeið í teymisvinnu, námskeiðið bar heitið *Stjórnun og starf í teyminum*, var það vel sótt. Árangursríkt samstarf í teymi verður ekki til nema ákveðnir þættir séu til staðar og einkenni samstarfið. Á námskeiðinu er fjallað um hvers ber að gæta og hvað ber að varast til að teymisvinna standi undir nafni og beri árangur. Einnig var haldið námskeiðið *Hvernig draga á úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk*. Á námskeiðinu var fjallað um hvað felst í hugtakinu nauðung, hvað hægt er að gera til að draga úr eða koma í veg fyrir að nauðung sé beitt og hvernig staðið skal að beiðni um ráðgjöf sérfræðiteymis og umsóknum um undanþágu. Í júní, 2012, voru samþykkt lög um bann við beitingu nauðungar í vinnu með fötluðu fólki. Í lögnum er þjónustuveitendum gert skylt að sækja um undanþágu fyrir þessu banni í vinnu með tilteknum einstaklingum, ef sýnt þykir að nauðsynlegt sé að beita nauðung til þess að tryggja öryggi eða velferð þjónustunotandans eða annarra, eða til þess að koma í veg fyrir stórfellt eignatjón. Áður en sótt er um undanþágu þurfa þjónustuveitendur að hafa fengið ráðgjöf og umsögn sérfræðiteymis, auk þess að uppfylla skilyrði um skráningar. Mikil eftirspurn var eftir þessari fræðslu og var haldið annað samskonar námskeið á vegum ÞÍ, Atla F. Magnússonar og Felix Högnasonar þann 26. apríl í húsnæði félagsins.

Málþing ÞÍ í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp og Átaks, félags fólks með þroskahömlun var haldið föstudaginn 31. janúar 2014. Yfirskrift málþingsins var *Þjónusta á heimilum fólks-Vegvísir að betri þjónustu*. Á málþingið mættu 350 manns og voru gestir

sammála um mikilvægi þess að í búsetuþjónustu sé unnið faglega og að hafa fagfólk starfandi í þeirri þjónustu.

Árið 2015 verður Þroskaþjálfafélag Íslands 50 ára, stjórn félagsins hefur skipað afmælisnefnd til að halda utan um skipulagningu afmælisársins. Nefndina skipa Bjargey Una Hinriksdóttir, Friðrik Sigurðsson, Guðrún Lilja Númadóttir, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, Hrönn Kristjánsdóttir, Kristjana Sigurðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og fyrir hönd stjórnar situr formaður félagsins í nefndinni. Afmælisnefndin hefur fundað nokkrum sinnum.

Á aðalfundi 2012 var ákveðið að leita samninga við Þorvald Kristinsson rithöfund til að skrifa sögu Þroskaþjálfafélags Íslands. Samkomulag náðist við Þorvald og hóf hann störf á síðasta ári og miðar skrifum vel áfram. Ef félagsmenn hafa frá einhverju athyglisverðu að segja má vinsamlega hafa samband við Þorvald Kristinsson í gegnum netfangið thorvaldur.kristins@simnet.is Kostnaður við bókina mun dreifast á þrjú ár.

Erlent samstarf

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtök norræna þroskaþjálfara. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári eða 2013 hélt Noregur utan um fundina og voru haldnir tveir fundir í Noregi, það er í Osló og Lilleström, félagið sendi tvo fulltrúa á hvorn fund. Þema síðustu funda hefur verið hvernig socialpedagogar vinna með börnum sem teljast til jaðarhópa. Einnig hefur farið töluverð vinna í að skoða og bera saman menntun socialpædagoga á Norðurlöndunum. Eftir tvö ár verður NFFS 25 ára og af því tilefni var Vagn Michelsen frá Danmörku beðinn um að taka saman sögu NFFS en hann hefur setið í NFFS í 19 ár.

Einnig hafa verið sameiginlegir fundir með Nordiske sosionomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norræna samtaka félagsráðgjafa og Nordisk forum for sosialpedagoger (NFFS) norræna samtaka þroskaþjálfara. Nú er verið að undirbúa ráðstefnu sem haldin verður í Finnlandi dagana 10. – 12. júní 2015.

Félagið er með aðild AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægt skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. ÞÍ hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Kjaramálin

Eins og fram hefur komið hefur starfsárið einkennst af kjaraviðræðum og gerð kjarasamninga. Árið 2013 voru kjarasamningar styttnir um tvo mánuði þannig að samningar ÞÍ við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg runnu út 31. janúar 2014 í stað 31. mars 2014.

Skrifað var undir samkomulag um viðræðuáætlun við **Samband íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands** 21. nóvember 2013. Fyrsti fundur Þroskaþjálfafélags Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn 17. desember 2013. Á þann fund mætti öll samninganefnd ÞÍ við sveitarfélögin og afhenti ÞÍ samninganefnd sveitarfélaga kjarakönnun sem félagið lét gera í samvinnu við önnur aðildarfélög BHM. Maskína rannsóknir sá um framkvæmd kjarakönnunarinnar. Í könnuninni kemur skýrt fram þegar heildarlaun fyrir árið 2012 eru skoðuð að þroskaþjálfar eru með næst lægstu launin af öllum aðildarfélögum BHM.

Stjórn ÞÍ ákvað að fara í samflot með öðrum félögum innan BHM. BHM skipaði viðræðunefnd fyrir hönd aðildarfélaga sinna við Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og ríkið. Viðræðunefndina skipuðu Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM, Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BHM, Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM og til vara var Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM.

Í febrúar 2014 var haldinn fundur í samstarfsnefnd Þroskaþjálfafélags Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar var meðal annars rætt um að misbrestur hefur verið á framkvæmd röðunar þroskaþjálfara 1 samkvæmt starfaskilgreiningu, frá gildistöku samninga frá júní 2011. Í starfaskilgreiningu segir að þroskaþjálfari 1 starfi undir leiðsögn annars þroskaþjálfara. Með leiðsögn samkvæmt starfaskilgreiningunni er átt við að leiðbeinandinn sé til staðar á starfstöðinni á sama tíma. Hafi þessi skilyrði ekki verið til staðar beri að leiðrétta ranga röðun. Einnig var ákveðið að breyta starfaskilgreiningum á þroskaþjálfara 1 og þroskaþjálfara 2, það er að þroskaþjálfari 1 starfar undir ábyrgð og leiðsögn reynds þroskaþjálfara. Þroskaþjálfari 1 raðast þó að lágmarki sem þroskaþjálfari 2 eftir í 6 mánaðar starf, sem þroskaþjálfari. Starf þroskaþjálfara 2 felur í sér m.a. eitt af eftirtöldu; skipulagningu, samhæfingu og umsjón með sérgreindum verkefnum. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til samstarfsaðila. Starfar undir leiðsögn annarra. Þroskaþjálfari 2 raðast þó að lágmarki sem þroskaþjálfari 3 eftir 4 ára starf, sem þroskaþjálfari.

Sameiginleg áhersla aðildarfélaga BHM var að þessu sinni nauðsynlegar launaleiðréttingar þar sem félagsmenn BHM hjá opinberum vinnuveitendum hafa dregist verulega afturúr hvað launaþróun varðar. Einnig var sameiginleg krafa að Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg yrðu aðilar að Starfsþróunarsetri Háskólamanna.

Skrifað var undir samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga 30. mars 2014 um framlengingu og breytingar á kjarasamningi. Félagsmenn ÞÍ samþykktu þessa framlengingu á þessu samkomulagi sem gildir frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015. Mikilvæg er að félagsmenn kynni sér samkomulagið vel og er hægt að finna það á heimasíðu félagsins á slóðinni http://throska.is/assets/files/kjarasamningar/samkomulag_bhm_og_sns_300314_lok.pdf

Skrifað var undir samkomulag um viðræðuáætlun við **Reykjavíkurborg** og Þroskaþjálfafélags Íslands 22. nóvember 2013. Fyrsti fundur Þroskaþjálfafélags Íslands við Reykjavíkurborg var haldinn 19. desember 2013. Á þeim fundi afhenti ÞÍ Reykjavíkurborg kjarakönnunina líkt og við samninganefnd við Samband íslenskra sveitarfélaga. Eins og hjá sveitarfélögunum var farið saman með BHM með sömu kröfur og hjá sveitarfélögunum.

Skrifað var undir samkomulag við Reykjavíkurborg 16. apríl 2014 um framlengingu og breytingar á kjarasamningi. Félagsmenn ÞÍ samþykktu framlengingu á þessu samkomulagi sem gildir frá 1. apríl 2014 til 31. ágúst 2015. Mikilvæg er að félagsmenn kynni sér samkomulagið vel og er hægt að finna það á heimasíðu félagsins á slóðinni <http://throska.is/assets/files/kjarasamningar/loka.pdf>

Starfsmat

Framkvæmdastjóri ÞÍ fór ásamt tveimur fulltrúum annarra aðildarféлага á námskeið til Bretlands í lok september um starfsmatskerfi ásamt fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Sambandi sveitarféлага og öðrum bandalögum stéttarféлага. Alls nota 7 aðildarfélög hjá BHM þetta kerfi í kjarasamningum við Reykjavíkurborg. Mikil gagnrýni af hálfu félaganna hefur verið á að kerfið nái ekki utan um tiltekna þætti og athugasemdum fylgt eftir með fullum þunga í endurskoðunarvinnu sem á að ljúka 1. nóvember 2014. Framkvæmdastjórinn situr í endurskoðunarnefnd fyrir hönd allra aðildarféлага BHM sem eiga aðild að starfsmatskerfinu. Í ferli endurskoðunar á starfsmatskerfinu hefur verið rýnt í forsendur starfsmatskerfisins og þær breytingar sem hafa orðið hjá sveitarfélögum í Bretlandi og þá sérstaklega horft til niðurstöðu sameiginlegrar endurskoðunarvinnu sveitarféлага og stéttarféлага í Bretlandi. Þannig var hægt að leggja mat á lágmarkshækkun miðað við þá endurskoðunarvinnu sem þegar var lokið og tryggja þannig hækkunar á grunnröðun starfa við undirskrift kjarasamnings.

Ríkið Haldnir hafa verið 15 samningafundir með sameiginlegu viðræðunefnd BHM sem skipuð er af Guðlaugu Kristjánsdóttur formanni BHM, Ernu Guðmundsdóttur, lögfræðingi BHM, Stefáni Aðalsteinsyni, framkvæmdastjóra BHM og Georg Brynjarssyni, hagfræðingi BHM.

Einnig hafa verið haldnir fjórir samningafundir með stóru samninganefndinni þar sem fulltrúi er frá hverju aðildarfélagi BHM. Einnig hefur stóra samninganefndin fundað á milli allra samningafundanna til að taka stöðuna og ákveða næstu skref.

Ýmis mál

Útskriftarnemum var boðið til félagsins 21. júní 2013 ásamt starfsmönnum þroskaþjálfadeildar HÍ. Tilgangurinn er að bjóða verðandi þroskaþjálfara velkomna í félagið, kynna áherslur og starfsemi ÞÍ.

ÞÍ er með tvo sjóði sem félagsmenn geta sótt um í þeir eru **Fag- og fræðslusjóður og Vísindasjóður.**

Markmið Fag- og fræðslusjóðs er að auka tækifæri félagsmanna ÞÍ til að efla og bæta fagkunnáttu meðal annars í framhaldsnámi og starfstengdum þróunarverkefnum.

Vísindasjóður er í dag fyrir þroskaþjálfara sem starfa annars staðar en hjá Ríkinu og vinnuveitandi greiðir fyrir í sjóðinn. Upplýsingar má nálgast á heimasíðu félagsins www.throska.is

Skemmtinefnd félagsins stóð fyrir árlegri gönguferð á Helgarfell 6. september 2013.

Mikilvægt er að þroskaþjálfar kynni störf sín og séu sýnilegir með blaðaskrifum og rannsóknnum. Efla þarf fagvitund og frumkvæði þroskaþjálfara. Þroskaþjálfar eru fagmenn og lykilaðilar í þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks. Þroskaþjálfar eiga að vera leiðandi afl gagnvart útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og umfram allt sterk fagstétt með skýr markmið.

Að lokum er öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Reykjavík 25. maí 2014

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2013

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2013. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: 9.050.098.- eftir fjármagnsliði árið 2013.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir

Gjaldkeri ÞÍ

Áritun stjórnar

Stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013.

Reykjavík, 19 / 5 2014

Ubbela Þ Þorbjarnsdóttir

Laufrík E. Guðmundsdóttir

Steinunn Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn Þórunn

Skodunarmenn reikninga 22. maí '14

Jóhanna Margrét Þórunn

Þórunn Þórunn Þórunn

Rekstrarreikningur ársins 2013, félagssjóður

	2013	2012
Rekstrartekjur:		
Stéttarfélagsgjöld.....	37.884.233	34.102.140
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	72.223	(51.955)
Aðrar tekjur.....	750.000	1.430.000
	38.706.456	35.480.185
 Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	2 16.667.535	15.276.195
Húsnæðiskostnaður.....	3 1.551.423	1.651.400
Annar kostnaður.....	4 12.151.408	12.151.321
	30.370.366	29.078.916
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagns- og fjármunaliði.....	 8.336.090	 6.401.269
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur.....	1.030.305	685.359
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	(316.297)	(244.049)
	714.008	441.310
 Rekstrarhagnaður ársins.....	 9.050.098	 6.842.579

Efnahagsreikningur

	2013	2012
Eignir:		
Hlutir í öðrum félögum:		
Húsfélag BHM sf. 8,92%	<u>14.669.356</u>	<u>14.597.133</u>
Veltufjármunir:		
Útistandandi skuldir.....	3.604.830	2.895.237
Bankareikningar.....	<u>34.365.700</u>	<u>26.167.634</u>
	<u>37.970.530</u>	<u>29.062.871</u>
Eignir alls:	<u><u>52.639.886</u></u>	<u><u>43.660.004</u></u>

31. desember 2013, félagssjóður

	2013	2012
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé.....	<u>51.976.026</u>	<u>42.925.928</u>
 Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir.....		8.400
Ógreidd launatengd gjöld.....	<u>663.860</u>	<u>725.676</u>
	<u>663.860</u>	<u>734.076</u>
 Skuldir og eigið fé alls:	<u><u>52.639.886</u></u>	<u><u>43.660.004</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir.

Sömu reikningsskilaaðferðum er fylgt og árið áður.

	2013	2012
2. Laun og tengd gjöld.		
Launagreiðslur.....	13.514.828	12.458.876
Launatengd gjöld.....	3.152.707	2.817.319
	<u>16.667.535</u>	<u>15.276.195</u>

3. Húsnæðiskostnaður.

Húsnæði Borgartún 6.....	1.551.423	1.651.400
	<u>1.551.423</u>	<u>1.651.400</u>

3. Annar kostnaður

Ferðakostnaður utanlands.....	706.106	1.024.317
Bílastyrkir.....	96.965	173.260
Námskeið.....	84.570	27.000
Veitingar og gestamóttaka.....	91.120	124.009
Fundir og ráðstefnur innanlands - endurgreitt.....	1.989.677	738.040
Ráð og nefndir.....	829.238	434.827
Gjaldfærður búnaður.....	28.900	125.264
Póstur og sími.....	234.143	261.785
Ritföng, prentun, auglýsingar, tölvukostnaður.....	1.272.783	1.676.915
Sérfræðiaðstoð.....	929.986	399.404
Ritun sögu félagsins.....	1.300.000	2.000.000
Framlag í fræðslusjóð.....		1.000.000
Félagsgjöld BHM.....	4.509.458	4.121.972
Félagsgjöld önnur og styrkir.....		5.000
Annar kostnaður.....	78.462	39.528
	<u>12.151.408</u>	<u>12.151.321</u>

3. Eigið fé.

Frá fyrra tímabili.....	42.925.928	36.083.349
Rekstrarhagnaður.....	9.050.098	6.842.579
	<u>51.976.026</u>	<u>42.925.928</u>

Vísindasjóður

Rekstur árið 2013.	2013	2012
Tekjur:		
Vísindasjóðsframlög.....	33.452.723	31.978.777
Fræðslusjóðsstyrkur frá ÞÍ.....		1.000.000
Vaxtatekjur.....	1.153.988	1.297.247
	<u>34.606.711</u>	<u>34.276.024</u>
Gjöld:		
Vísindastyrkir.....	30.264.002	29.838.400
Fag- og fræðslusjóður.....	667.500	164.078
Kostnaður vegna úthlutunar o.fl.....	104.242	51.476
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	230.790	363.224
	<u>31.266.534</u>	<u>30.417.178</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>3.340.177</u>	<u>3.858.846</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013.

Eignir:

Útistandandi vísindasjóðsgjöld.....	4.153.239	3.430.778
Bankareikningar.....	36.508.448	33.890.732
	<u>40.661.687</u>	<u>37.321.510</u>

Eigið fé:

Frá fyrra ári.....	37.321.510	33.462.664
Rekstrarhagnaður ársins.....	3.340.177	3.858.846
	<u>40.661.687</u>	<u>37.321.510</u>

Kjaradeilusjóður

Rekstur árið 2013.	2013	2012
Tekjur:		
Vaxtatekjur.....	<u>884.830</u>	<u>776.263</u>
Gjöld:		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	<u>176.960</u>	<u>283.142</u>
	<u>176.960</u>	<u>283.142</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u><u>707.870</u></u>	<u><u>493.121</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013.

Eignir:		
Bankareikningar.....	<u>22.450.689</u>	<u>21.742.819</u>
	<u><u>22.450.689</u></u>	<u><u>21.742.819</u></u>
Eigið fé:		
Frá fyrra ári.....	21.742.819	21.249.698
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>707.870</u>	<u>493.121</u>
	<u><u>22.450.689</u></u>	<u><u>21.742.819</u></u>

Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2013-2014.

Trúnaðarmannaráð skipa 27 fulltrúar ásamt stjórn.

Trúnaðarmannaráðsfundir á starfsárinu voru 4 talsins og voru haldnir í maí, september og nóvember 2013 og í maí 2014. Fundirnir voru allir nokkuð vel sóttir, voru vel skipulagðir af formanni og skilvirkir.

Umræðuefni hvers fundar snérist að mestu leiti um kjarasamninga en auk þess gafst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða ýmis mál tengdum sínum svæðum og vinnustöðum. Gjarnan mál sem deilur höfðu staðið um eða valdið vangaveltum varðandi útfærslu út frá túlkun kjarasamninga. Einnig var nokkuð rætt um vinnutímaskilgreiningu þroskaþjálfara í grunnskólum. Formaður upplýsti á hverjum fundi um stöðu mála varðandi kjarasamningana og nýafstaðna starfsmatsfundi. Kjarakönnun BHM kom einnig nokkuð við sögu og trúnaðarmenn sérstaklega hvattir að hvetja fólk á sínum stöðum að svara henni.

Trúnaðarmenn fengu fyrirlestur um einelti og hvernig stéttarfélag skuli bregðast við kvörtunum um einelti á vinnustað. Þá var einnig kynning á Starfsþróunarsetri háskólamanna þar sem farið var yfir hlutverk og markmið setursins.

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár þar sem töluvert hefur mætt á trúnaðarmönnum vegna kjarasamninga en þeirri vinnu er hvergi nærri lokið þar sem enn á eftir að semja við ríkið. Einnig er töluverð vinna framundan þar sem stefnt er á endurskoðun á starfaskilgreiningum og starfslýsingum og því er mikilvægt að trúnaðarmenn verði enn virkari og enn gagnrýnni á komandi ári enda mikið í húfi fyrir alla félagsmenn ÞÍ.

F.h. Trúnaðarmannaráðs

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2013-2014

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í laganefnd voru:

Oddrún Ólafsdóttir formaður

Guðlaug Valgeirsdóttir

Ingunn Rán Kristinsdóttir

Ólafur Garðar Rósinkarsson

Laufey Birna Tryggvadóttir

Laganefnd hefur verið virk þetta starfsárið og fjölbreytt verkefni sem nefndarmenn hafa sinnt. Fljótlega eftir aðalfund 2013 eða þann 29. maí boðaði stjórn ÞÍ nefndarmenn á almennan fund þar sem skipt var niður hlutverkum og komandi starfsár rætt. Laganefnd hittist aftur í september þar sem farið var yfir verklagsreglur laganefndar og breyting var gerð á orðalagi er varðar tengil stjórnar við laganefnd. Í framhaldinu hittist laganefnd jafnt og þétt frá haustinu 2013. Samskipti fóru fram á rafrænu formi og á fundum en nefndin fundaði sex sinnum á tímabilinu. Yfir starfsárið bárust laganefnd nokkrar tillögur að lagabreytingum, bæði frá stjórn ÞÍ og öðrum félagsmönnum sem farið var yfir fyrir aðalfund. Á komandi starfsári verða breytingar á fulltrúum laganefndar, Oddrún Ólafsdóttir og Guðlaug Valgeirsdóttir gefa ekki kost á sér á nýju kjörtímabili og koma nýir fulltrúar í þeirra stað.

Með kveðju f.h laganefndar

Oddrún Ólafsdóttir

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í fagráði 2012 - 2013 voru:

Ingibjörg Jóhannsdóttir, formaður

Hildur Jónína Þórisdóttir, ritari

Elva Ólafsdóttir

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir

Salóme Anna Þórisdóttir

Arne Friðrik Karlsson

Einar Þór Jónsson

Kristín Sigurjónsdóttir var tengiliður stjórnar við fagráð.

Hlutverk fagráðs ÞÍ er samkvæmt 11. gr. laga félagsins að vinna að menntamálum þroskaþjálfna, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.

Ákveðið var í byrjun starfsárs að hittast síðasta þriðjudag í hverjum mánuði. Þegar leið á starfsárið áttu aðilar oft erfitt með að mæta á fundi sökum anna á vinnustöðum og annarra persónulegra aðstæðna. Oft kom fyrir að ekki var fundarfært af þessum sökum.

Við lok starfsársins myndaðist umræða um hlutverk fagráðs og hvort þyrfti að breyta fyrirkomulaginu á því? Nokkrar vangaveltur og umræður sköpuðust um fagráð og framtíð þess. Meðal þess sem kom fram voru vangaveltur um hvort fjöldi fulltrúa í fagráði væru of margir. Þeir ættu því erfitt að finna sitt hlutverk í fagráði og því væri ábyrgðartilfinningin ekki eins mikil? Hvort fagráð væri barn síns tíma og þyrfti að stokka öllu upp? Þyrfti einn fagráðsmeðlimur að sitja í stjórn í staðinn fyrir að meðlimur úr stjórn er tengiliður við fagráð? Laufey formaður sat einn fund til þess að ræða þessi mál og fannst henni afar mikilvægt að fagráð væri eitt af stöðum félagsins ásamt stjórn. Engin niðurstaða náðist í þessari umræðu en aðilar sammála um að hún væri mjög mikilvæg. Það þarf að móta betur hlutverk fagráðs og auka virka þátttöku fulltrúa þess. Þessar vangaveltur eru ekki nýjar þar sem undanfarin starfsár hafa einkennst af erfiðleikum við mætingar á skipulagða fundi fagráðsins. Ákveðið var að skoða þetta mál ofan í kjölinn og finna á því lausnir á nýju starfsári fagráðs.

Umræðan um menntun þroskaþjálfna, það hversu fáir karlmenn eru í stéttinni og skort á þroskaþjálfum í búsetunni var ofarlega á baugi í fagráði starfsárið 2013-2014. Einnig var mikil umræða um stöðu þroskaþjálfna innan sveitarfélagana, þó sérstaklega í búsetunni hjá Reykjavíkurborg. Eftir miklar umræður um menntun þroskaþjálfna þá voru aðilar fagráðs sammála um að menntun þroskaþjálfna yrði að vera fimm ára nám og ljúka með meistaraágráðu. Framtíð þroskaþjálfna þó sérstaklega í búsetunni ylti á því. Aðrar fagstéttir sbr. félagsráðgjafar, sem hafa fimm ára háskólanám að baki væru mikið til að fá þær stöður sem þroskaþjálfar hafa gengt áður. Fagráði fannst einnig mikilvægt að námið yrði lengt í fimm ár vegna faglegs sjálfstæðis og sérfræðipækkingar sem meistaraágráða gefur auk þess sem það strykir kjarabaráttu stéttarinnar.

Þann 3. október stóðu Þroskaþjálfafélag Íslands ásamt Stígamótum, Rannsóknarsetri í þroskaþjálfrafræðum, Landssamtökunum Þroskaþjálf, NPA miðstöðinni, Öryrkjabandalags Íslands, Kvennaathvarfinu, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofu, Velferðarráðuneytinu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Ás styrktarfélag, fyrir málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki. Málþingið tókst með eindæmum vel og sköpuðust meðal annars umræður í

fjölmiðlum í kjölfar þess. Í kjölfar málþingsins ákvað Stígamót að ráða til sín sérfræðing í málefnum fatlaðra til að vinna með fötluðu fólki, sem lent hefur í kynferðisofbeldi, opna umræðuna um það málefni á opinberum vettvangi og ná til fatlaðs fólks með fræðslu um kynferðislegt ofbeldi.

Þann 31. október hélt fagráð morgunverðarfund þar sem Margrét R. Halldórsdóttir, þroskaþjálfari, sagði frá rannsókn sinni um nauðung meðal barna í sérúrræðum. Rannsóknin tengdist lokaverkefni hennar til M.Ed í sérkennslufræðum frá Háskóla Íslands.

Í janúar hélt Þroskaþjálfafélagið ásamt Landssamtökunum Þroskahjálp og Átaks, félags fólks með þroskahömlun, málþing er bar heitið Þjónusta á heimilum fólks, vegvísir að betri þjónustu. Málþingið var áframhaldandi umræða út frá málþingi sem haldið hafði verið á vordögum 2013, sem bar heitið Heimili meira en hús. Fagráð ákvað að mikilvægt væri að halda áfram með þessa umræðu þar sem fagþekking á heimilum fólks virðist standa höllum fæti og að erfiðara er að fá þroskaþjálfara til að starfa í búsetunni. Ákveðið var að hafa nýbreytni þetta árið og hafa málþingið einungis í einn dag í stað einn og hálfan dag eins og hefur tíðkast áður. Málþingið tókst með eindæmum vel og var það mjög vel sótt.

Áætlað er að fræðsla á vorönn verði erindi um hamingju, hvernig við mælum hana og vörpum því sem veitir okkur hamingju yfir á aðra. Búið er að hafa samband við Dóru Guðrún Guðmundsdóttur, sálfræðing, til þess að halda þetta erindi. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur ekki tekist að ganga frá samningum um þetta en vonandi verður það leitt til lykta á farsælan hátt.

Formaður fagráðs fór ásamt formanni Þroskaþjálfafélagsins tvisvar á stjórnarfund NFFS á starfsárinu. Fyrst til Lilleström í október 2013 og svo til Osló í mars 2014. Að mæta á stjórnarfund NFFS er mikilvægur vettvangur til að vera í norrænu samstarfi og hitta kollega á norðurlöndunum. Á þessum fundunum var meðal annars rætt um menntun pædagoga á norðurlöndunum og er það verkefni sem er ennþá í vinnslu. Eftir stjórnarfundinn í Osló ákváðu Laufey og Ingibjörg að gera ítarlega skýrslu um fundina og senda á fagráð og stjórn og var hugmynd um að jafnvel setja skýrsluna á heimasíðu félagsins til þess að allir meðlimir Þroskaþjálfafélagsins gætu verð vel upplýstir um stjórnarfundina.

Salóme Þórisdóttir og Hildur Þórisdóttir hætta störfum. Þeim er þakkað gott samstarf.

Reykjavík 22. apríl 2014

f.h. fagráðs, Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir formaður

Skýrsla útgáfuráðs 2013-2014

Eins og önnur starfsár er það meginverkefni útgáfuráðs að gefa út blaðið Þroskaþjálfann. Og eins og oftast áður hefur gengið fremur treglega að fá efni í blaðið. Það skiptir þroskaþjálfara máli að fá blaðið en þeir virðast hafa minni áhuga á að skrifa í það. Sem betur fer eigum við þó duglegan hóp þroskaþjálfara sem tekur sig til og skrifar greinar.

Ég vil þó hvetja alla til að skrifa í blaðið það skiptir okkur miklu máli að nota blaðið til að vekja athygli á hvað við kunnum og hvað við stöndum fyrir. Það skiptir líka máli þegar kemur að samningaborðinu.

Við erum að leggja lokahönd á blaðið þessa dagana og má reikna með að það fari í prentun í kring um mánaðamótin maí júní 2014.

Útgáfuráð hélt 8 fundi á árinu en talsverður hluti okkar starfs felst þó í tölvusamskiptum við þroskaþjálfara vegna blaðaskrifanna.

Útgáfuráð skipa starfsárið 2013-2014:

Auður Kvaran

Guðrún Guðmundsdóttir

Halldóra Kolka Ísberg

Herdís Ingibjörg Svansdóttir ritari

Kristrún Sigurjónsdóttir ritsjóri

Fyrir hönd rannsóknarstofu í Þroskaþjálfarafræðum sat Guðrún V Stefánsdóttir fyrri hluta tímabilsins og Kristín Lillendahl síðari hlutann.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2013-2014

Siðanefnd Þ.Í. hélt fyrsta fund starfsársins þann 29. ágúst 2013. Til þessa dags eru gróflega taldir 18 fundir á starfsárinu.

Aðalverkefni siðanefndar hafa verið að endurskoða og uppfæra siðareglur félagsins.

Verkefnastjóri þeirrar vinnu er Árni Már Björnsson fyrrverandi fulltrúi í siðanefnd og nú varamaður. Staða þessarar vinnur verður kynnt á aðalfundi félagsins 2014. Auk þess er fjallað um vinnuferlið í nýjasta blaði Þroskaþjálfans.

Á starfsárinu hefur siðanefnd borist tvö erindi til umfjöllunar .

Siðanefnd skipa:

Hrefna Sigurðardóttir

Guðbjörg B. Guðmundsdóttir

Signý Þórðardóttir

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2013-2014

Í stjórn Vísindasjóðs sitja: Valborg Helgadóttir formaður, Þórunna Halldórsdóttir ritari, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi og Vibeke Þorbjörnsdóttir gjaldkeri ÞÍ.

Haldnir voru þrjú fundir á starfsárinu og var þar af einn fundur vegna úthlutunar úr Fag- og fræðslusjóði. Framkvæmdastjóri vann úr niðurstöðum stjórnar og gekk frá greiðslum til styrkþega. Fyrir árið 2013 bárust 449 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr.30.264.002.- og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli).Eins og kom fram í skýrslu Vísindasjóðs í fyrra var dags. á umsóknarferli Vísindasjóðs breytt þannig að umsóknarfrestur er 15. maí og greitt er út fyrir 1. júní.

Ein umsókn barst í Fag- og fræðslusjóð 2013 og var hún samþykkt styrkhæf. Styrkurinn er samtals krónur 667.500.- hann var allur greiddur út í einu þar sem öllum skilyrðum hafði verið framfylgt.

f. h. Vísindasjóðsstjórnar

Valborg Helgadóttir

Stjórn ÞÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2014-2016
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2012-2014)	
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko	varaformaður	(2013-2015)	
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	gjaldkeri	(2013-2015)	
Jón Þorsteinn Sigurðsson	meðstjórnandi	(2013-2015)	
Steinunn Jónsdóttir	meðstjórnandi	(2013-2014)	Steinunn Jónsdóttir
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	meðstjórnandi	(2012-2014)	Guðrún Halla Jónsdóttir
Kristín Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi	(2012-2014)	Kristín Sigurjónsdóttir

Útgáfuráð

Auður Kvaran		(2012-2014)	Auður Kvaran
Halldóra Kolka Ísberg		(2012-2014)	Oddrún Ólafsdóttir
Herdís Ingibjörg Svansdóttir		(2013-2015)	
Kristrún Sigurjónsdóttir		(2013-2015)	
Guðrún Guðmundsdóttir		(2013-2014)	Guðný Jónsdóttir
Þorvaldur Heiðar Guðmundsson		(2013-2015)	Áslaug Rut Kristinsdóttir

Fagrað

Arne Friðrik Karlsson		(2013-2015)	
Elva Ösp Ólafsdóttir		(2012-2014)	Elva Ösp Ólafsdóttir
Salóme Þórisdóttir		(2012-2014)	Margrét Smith
Einar Þór Jónsson		(2013-2015)	
Sigurbjörg G. Friðriksdóttir		(2013-2015)	
Ingibjörg E. Jóhannesdóttir		(2010-2014)	Ingibjörg E. Jóhannesdóttir
Hildur Þórisdóttir		(2010-2014)	Brynhildur Jónsdóttir

Laganefnd

Ólafur Garðar Rósinkarsson		(2013-2015)	
Ingunn Rán Kristinsdóttir		(2013-2015)	
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2012-2014)	Rannveig Ragnars,
Laufey Birna Tryggvadóttir		(2013-2015)	
Oddrún Ólafsdóttir		(2012-2014)	Halla Steinunn Hinriksdóttir

Kjörnefnd

Sigríður Rut Hilmarsdóttir		(2013-2015)	
Valborg Helgadóttir		(2013-2015)	
Katrín Sigursteinsdóttir		(2013-2015)	
Harpa María Pedersen		(2012-2014)	Rún Halldórsdóttir
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir		(2012-2014)	Hrafnhildur Lára Þórðardóttir

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Jóhanna Margrét Árnadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Þórunn Böðvarsdóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Signý Þórðardóttir (2012-2015)

Hrefna Sigurðardóttir (2013-2016)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2014-2017)

Varamenn

Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)

Friðrik Sigurðsson (2013-2016)

Árni Már Björnsson (2014-2017)

Fulltrúi ÞÍ í Landsamtökunum Þroskahjálp verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar